

Brim hf.
Norðurgarði 1
101 Reykjavík

Reykjavík, 17.1.2022
UST202102-421/F.T.
08.10.02

Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 20. desember 2021 þar sem óskað var eftir tímasettri úrbótaáætlun vegna frávíks sem skráð var í eftirliti 29. september 2021 í fiskimjölsverksmiðju Brim hf. á Vopnafirði. Þann 6. janúar 2022 barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikið er eftirfarandi:

1. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er. Rekstraraðili ber að ganga frá olíubirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum þannig að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn. Umbúnaður við efnageymslu var ófullnægjandi. Niðurföll í efnageymslu skulu vera lokanleg og lokuð nema undir eftirliti starfsmanns. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila verður sett hækkun á niðurfallið sem hægt verður að fjarlægja eða opna þegar þörf er á. Verði lekaslys þá muni efnið stoppa þar og ekki fara niður í niðurfallið og hægt verði að dæla því upp í viðeigandi geymi. Skv. rekstraraðila verða verklok fyrir febrúarlok 2022.**

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávíksins verða teknar út í næsta eftirliti.

Verði frávikin ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Gottskálf Friðgeirsson

Frigg Thorlacius